

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/550**  
**komudagur 5.12.2013**



**SAMTÖK FYRIRTÆKJA  
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU**

Reykjavík 5. desember 2013

Velferðarnefnd Alþingis  
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um lagafrumvarp nr. 185

Með bréfi þessu gera Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu athugasemd við lagafrumvarp nr. 185 um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

SFV leggur til að lögnum verði breytt á þann veg að samtökin fái fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra.

SFV eru heildarsamtök nær allra öldrunarstofnana á Íslandi. Eins og frumvarpið lítur út þá verður enginn fulltrúi þeirra sem eiga og eða reka öldrunarstofnanir í stjórn sjóðsins.

Rekstur og starfsemi öldrunarþjónustu er flókin og krefst reynslu og þekkingar. Auðvitað er nauðsynlegt að aldraðir sjálfir eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins en ekki síður er mikilvægt að fagfólk með þekkingu og reynslu af öldrunarþjónustu og mannvirkjum til slíkrar þjónustu eigi fulltrúa í stjórn framkvæmdasjóðs aldraðra. Með því að bæta inn fulltrúa SFV inn í stjórn framkvæmdasjóðsins er slíkt sjónarhorn tryggt en í núverandi drögum er engin trygging fyrir því að aðili með þekkingu á starfsemi eða rekstri mannvirkja í öldrunarþjónustu sé með í ráðum við úthlutun.

Í SFV eru 33 aðildarfélag og þar af eru 29 öldrunarstofnanir.

Virðingarfyllst,

Gísli Páll Pálsson

Formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu